

# Hugmynda**samkeppni** um skipulag og hönnun



## Geysissvæðisins í Haukadal



BLÁSKÓGABYGGÐ



ARKITEKTAFÉLAG  
ÍSLANDS

Keppnislýsing  
16. sept. 2013

## Efnisyfirlit:

Efnisyfirlit:.....	2
1 Kynning.....	3
1.1 Útbjóðandi.....	3
1.2 Aðdragandi .....	3
1.3 Markmið .....	3
1.4 Sjónarmið dómnefndar .....	3
1.5 Tegund og tilhögun samkeppni .....	3
1.6 Verðlaun .....	4
1.7 Lykildagsetningar.....	4
1.8 Tungumál.....	4
2 Lýsing verkefnis .....	5
2.1 Almenn atriði.....	5
2.2 Afmörkun keppnissvæðis .....	8
2.3 Veðurfar, jarðvegur og gróður .....	8
2.4 Aðkoma og umhverfi .....	9
2.5 Starfsemislýsing.....	9
2.6 Kostnaðarviðmiðun .....	10
3 Tæknileg tilhögun samkeppninnar .....	11
3.1 Þátttökuréttur .....	11
3.2 Afhending keppnisgagna - þátttökugjald .....	11
3.3 Keppnisgögn .....	12
3.4 Keppnistillögur.....	12
3.5 Fyrirspurnir .....	13
3.6 Skilafrestur, merking og afhending tillagna.....	13
3.7 Dómnefnd og ritari dómnefndar .....	14
3.8 Trúnaðarmaður.....	15
3.9 Úrslit .....	15
3.10 Sýning og rýnifundur .....	15
3.11 Varðveisla keppnistillagna .....	15
3.12 Hagnýting keppnistillagna .....	16
3.13 Samþykki keppnislýsingar.....	17

# 1 Kynning

## 1.1 Útbjóðandi

Sveitarfélagið Bláskógabyggð, í samvinnu við landeigendur Geysissvæðisins, efnir til hugmyndasamkeppni um skipulag og hönnun Geysissvæðisins í Haukadal samkvæmt keppnislýsingu þessari og samkeppnisreglum Arkitektafélags Íslands.

## 1.2 Aðdragandi

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða veitti, í ársbyrjun 2013, sveitarfélaginu Bláskógabyggð, styrk til þess að efna til hugmyndasamkeppni/skipulagsvinnu á Geysissvæðinu.

## 1.3 Markmið

Markmið þessarar samkeppni er að fá fram hugmyndir um skipulag og uppbyggingu svæðisins. Áhersla er lögð á raunhæfar og spennandi tillögur, um heildarlausn á aðgengi hverasvæðisins og tengingu svæðisins við nánasta umhverfi. Tillögur skulu bera með sér vandað og fallegt heildaryfirbragð sem fellur vel að umhverfinu og taki mið af helstu sérkennum svæðisins.

## 1.4 Sjónarmið dómnefndar

Dómnefnd leggur áherslu á eftirtalin atriði:

- Heildarlausn og gæði hönnunar.
- Aðkomu og ásýnd svæðisins.
- Tengingu svæðisins við nær- og fjærumhverfi.
- Flæði innan svæðisins.
- Að opna aðgang að fleiri hverum og minjum.
- Virðingu fyrir umhverfinu.
- Tæknilegar útfærslur.
- Raunhæfar og framkvæmalegar lausnir.

Röð atriða endurspeglar ekki vægi þeirra í störfum dómnefndar.

## 1.5 Tegund og tilhögun samkeppni

Samkeppnin er hugmyndasamkeppni. Útbjóðandi stefnir að því að handhafar fyrstu verðlauna verði fengnir til að útfæra verkið nánar. Vonir verkkaupa standa til þess að verðlaunaðar hugmyndir verði nýttar í áframhaldandi vinnu við gerð heildarskipulags fyrir svæðið.

## 1.6 Verðlaun

Veitt verða verðlaun að heildarfjárhæð kr. 8.000.000.

Veitt verða þrenn verðlaun, 1., 2. og 3. verðlaun.

1. verðlaun verði kr. 4.000.000

2. verðlaun verði kr. 2.500.000

3. verðlaun verði kr. 1.500.000

Auk þess er dómnefnd heimilt að kaupa tillögur fyrir allt að kr. 2.000.000.

## 1.7 Lykildagsetningar

Samkeppnisgögn afhent	20. september	(sjá nánar kafla 3.2)
Skilafrestur fyrirspurna nr. 1	23. okt. 2013	(sjá nánar kafla 3.5)
Svör við fyrirspurnum nr. 1	30. okt. 2013	(sjá nánar kafla 3.5)
Skilafrestur fyrirspurna nr. 2	8. jan. 2014	(sjá nánar kafla 3.5)
Svör við fyrirspurnum nr. 2	15. jan. 2014	(sjá nánar kafla 3.5)
Skilafrestur tillagna	30. jan. 2014	(sjá nánar kafla 3.6)
Niðurstaða dómnefndar	6. mars 2014	(sjá nánar kafla 3.9)

## 1.8 Tungumál

Tungumál samkeppninnar er íslenska. Allur texti innsendra tillagna skal vera á íslensku.



## 2 Lýsing verkefnis

### 2.1 Almenn atriði

Geysir er einstakt náttúrufyribæri og þekktasti hver heims. Hverasvæðið er einn fjölsóttasti ferðamannastaður á Íslandi og heimsækir mikill meirihluti þeirra erlendu ferðamanna, sem koma til Íslands, Geysissvæðið.

Meginmarkið samkeppninnar er að kalla eftir tillögum um skipulag og hönnun Geysissvæðisins í Haukadal. Kallað er eftir heildarlausn sem í senn verndar viðkvæma náttúru hverasvæðisins, endurspeglar sérstöðu staðarins, undirstrikar umhverfið og kallar fram tækifæri til jákvæðar upplifunar fyrir gesti svæðisins.

Á síðastliðnum árum hefur erlendum ferðamönnum til Íslands fjölgað mikið og er áætlað að enn aukist fjöldi þeirra.

Verkefnið nær til hönnunar á heildarskipulagi á svæðinu sjálfu, hugmynda að tengslum við nánasta umhverfi þess og hönnun á nauðsynlegum mannvirkjum eins og stígum, útsýnispöllum, bekkjum, skiltum o.s.frv.

Leitast skal við að opna aðgang að sem flestum hverum, minjum og öðru áhugaverðu sem er á svæðinu og draga fram sérstöðu þeirra með sem minnstu raski.

Mikilvægt er að bæta aðgengi að hverasvæðinu við Geysi í Haukadal. Jafnframt þarf að aðgangsstýra inn á svæðið til þess að tryggja að viðkvæmu svæði verði hlíft.

Keppendur taki í tillögum sínum mið af mögulegri gjaldtöku í framtíðinni og nauðsynlegri aðgangsstýringu. Útfærsla á gjaldtöku liggur ekki fyrir.







Keppendum er bent á að hafa eftirtalin atriði til hliðsjónar við úrvinnslu tillagnanna:

- Lögð er áhersla á að gestir svæðisins geti notið heimsóknarinnar og áttað sig á sérstöðu hverasvæðisins og nánasta umhverfi þess.
- Samkvæmt 37. gr. Náttúruverndarlaga nr. 44/1999 njóta hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m að stærð eða stærri, sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er.
- Rannsókn sem gerð var fyrir Ferðamálastofu áætlað að yfir 500 þús. manns hafi heimsótt Geysissvæðið árið 2012. Meðalvöxtur ferðamanna hér á landi síðasta áratug er um 8% og mikill meirihluti erlendra ferðamanna sækir svæðið heim.
- Svæðið þarf að þola mikla umferð ferðamanna í einu (álagstoppur). Fjöldi gesta getur verið á bilinu 5 – 6.000 manns á sólarhring þegar mest lætur.
- Huga verður að aðgengi fyrir alla.
- Lögð er áhersla á fræðslu um sögu og jarðfræði staðarins. Tillögur eiga að gera grein fyrir hvernig og hvar upplýsingum verði miðlað. Dómnefnd áskilur sér rétt til að verðlauna sérstaklega tillögur sem taka á þessu.
- Aðstæður á svæðinu eru breytilegar eftir árstímum.

Áhugaverðir staðir sem taka má tillit til á Geysissvæðinu eru t.d.:

- Geysir og Strokkur sem eru þekktustu hverir svæðisins. Þeim má gera hærra undir höfði en gert er í dag.
- Konungssteinarnir. Draga má fram sögu þeirra.
- Hverinn sem steipt er yfir. Hann þjónaði áður fyrr sem hitaveita fyrir býli á svæðinu.
- Holan við Sísjóðanda. Sú hola hefur verið nýtt til eldunar og baksturs.
- Aðrir hverir eins og Fata, Óperrishola, Þykkuhverir, Sísjóðandi, Smiður, Litli-Geysir, Litli-Strokkur, Sóði, Móri, Blesi, Konungshver og fl.
- Útsýnisskífa á Laugarfelli. Núverandi staðsetning er ekki bindandi.
- Bærinn Laug er í eigu ríkisins en núverandi íbúðarhús var byggt 1906 og er því fornleifar. Minnst er á bæinn í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá því um 1712. Keppendum er frjálst að koma með tillögur að nýtingu svæðisins. Ekki er þó gerð krafa um það.

Innra skipulag:

- Hönnun á göngustígum þarf að vera vel útfærð og virða umhverfið.
- Göngustígar tengist jarðmyndunum staðarins og mögulegum útsýnisstöðum.
- Æskilegt er að gera tillögur að áningastöðum og viðeigandi innviðum sem tengjast stígakerfi svæðisins.
- Æskilegt er að bjóða upp á fjölbreytni í gönguleiðum svæðisins.
- Gera þarf ráð fyrir lengingu stígakerfis (útbyggingu stígakerfis), til að mögulegt verði að dreifa og stýra álagi á svæðinu.
- Stígakerfi á syðsta hluta svæðisins þarf að taka mið af breytileika í virkni svæðisins þar sem nýir hverir geta opnast án mikils fyrirvara á nýjum stöðum á meðan aðrir hverir geta þornað upp og horfið.
- Huga þarf að öryggi gesta sem fara um svæðið með því að uppfylla öryggiskröfur.
- Aðgengi sé fyrir alla þar sem það er mögulegt.
- Mikilvægt er að stíga- og/eða pallakerfi feli ekki í sér óþarfa rask á hverahrúðri og hindri ekki vatnsflæðið á svæðinu.
- Huga þarf að lýsingu stíga, hvera o.fl. yfir vetrarmánuði, t.d. með óbeinni lýsingu.
- Frjálst er að koma með tillögur af skiltum og öðrum búnaði.
- Frjálst er að koma með tillögur sem taka á upplýsingamiðlun.





## 2.2 Afmörkun keppnissvæðis

Samkeppnissvæðið er annars vegar það svæði sem skilgreint er með bláum brotalínunum (21,3 ha) og hins vegar það svæði sem skilgreint er með rauðum brotalínunum (41,3 ha). Svæðið innan bláu línanna er áherslusvæði samkeppninnar. Svæðið innan rauðu línanna geta keppendur nýtt að vild, þjóni það tillögum keppenda. Það svæði má t.d. nýta til að sýna tengingar og aðkomu.

## 2.3 Veðurfar, jarðvegur og gróður

Hverasvæðið liggur í jaðri Laugafells sem er 187 metrar á hæð og hallar svæðið til suðurs og austurs. Miðalhiti í júlí er 9,5 gráður en 3,9 gráður í janúar. Meðalárs úrkoma er 1680 mm. Hjarðarland í Biskupstungum, Bláskógabyggð er sú veðurstöð sem næst er keppnissvæðinu.

Geysir er einn fjölmargra hvera á aflöngu svæði sem liggur nánast norður-suður. Svæðið er fremur slétt og liggur í um það bil 120 metra hæð yfir sjávarmáli en vestan þess og norðan hækkar landið. Hverir og ummyndað berg þekja um 3 km<sup>2</sup> svæði og er það eitt hið minnsta af háhitasvæðum landsins. Í norðri markar dyngjan Sandfell (610 m) sjóndeildarhringinn, vestan jarðhitasvæðisins er Laugafell (187 m) en lengra til vesturs gnæfir Bjarnarfell (727 m) við himin. Til austurs og suðurs hallar jökulsléttuðu undirlendinu til sjávar sem er í 70 km fjarlægð. Það sem flestir nefna Geysissvæðið er afgirt svæði í austurhlíð Laugafells en hér er Geysissvæðið notað um allt jarðhitasvæðið.

Lengst til norðurs eru hverir og laugar vestan við Haukadalskirkju, lengst til suðurs eru volgrur á suðurbakka Tungufljóts, lengst til vesturs eru volgrur á bakka Laugarár, bæði á móts við Neðri-Dal og einnig vestan við Laugarfell en austast eru volgrur á bakka Beinár og laugar í svonefndum Rotum á báðum bökkum Tungufljóts, suður af Hótel Geysi.





Geysir liggur í jaðri vestara gosbeltisins þó ekki hafi gosið innan jarðhitasvæðisins á nútíma, síðustu 11.000 árin. Næstu eldstöðvar eru Lambahraun í 12 km fjarlægð til NNV, dyngja sem gaus fyrir meira en 4000 árum. Frá Lambahrauni liggur Úthlíðarhraun, vestan við Bjarnarfell og nær niður að þjóðvegi milli Bjarnarfells og Efstadalsfjalls. Fyrir tæpri einni milljón árum síðan hefur verið megineldstöð á þessu svæði og er jarðhiti Geysissvæðisins eftirhreytur þess. Til vitnis um þessa fornu eldstöð er líparít í vesturhlíðum og norðvesturhorni Bjarnarfells. Yngst er Laugafell sem er innskot úr líparíti og er aldur þess um 725.000 ár. Bjarnarfell er að mestu gert úr basalt hraunum og móbergi, og bendir móbergið til þess að meginhluti fjallsins hafi myndast undir jökli á ísöld, basalt hraun er á toppi þess. Grágrýtishraun frá dyngjum norðan svæðisins þekja láglandið til austurs og suðurs, slípuð og mótuð af jöklum ísaldar.

Efstu sjávarmörk frá lokum síðasta jökulskeiðs má sjá skammt sunnan við svæðið. Í upphafi nútíma mun sjór hafa legið upp að Geysissvæðinu og flói eða fjörður með eyjum og skerjum hefur verið til suðurs.

Jarð og berggrunnur er súrt berg, móberg. Efnin eru afar fíngerð og einsleit og án bindings og í bleyti myndast sleip leðja. Á Geysissvæðinu eru þekktar yfir 125 tegundir háplantna og yfir 20 mosategundir. Vaxtarskilyrði eru erfið á stórum hluta keppnissvæðisins og því er gróðurþekja viðkvæm og þolir illa átroðning. Á veturna, þegar frost er og snjór, getur svæðið orðið mjög hált og illt yfirferðar.

## 2.4 Aðkoma og umhverfi

Skoða þarf staðsetningu aðkomuleiða inn á svæðið í samhengi við gönguleiðir, núverandi og möguleg framtíðar bílastæði á svæðinu og aðra þá þjónustu sem er í boði svo sem veitinga- og gistihús, Geysisstofu, tjaldsvæði og fl. Þátttakendur samkeppninnar eru ekki bundnir af núverandi inngöngum svæðisins.

## 2.5 Starfsemislýsing

Geysissvæðið í Haukadal er eitt þekktasta hverasvæði jarðar, enda eitt fárra, sem þekkt hefur verið í árhundruð. Fjölmargir hverir og laugar eru á svæðinu og eru goshverirnir Geysir og Strokkur þekktastir. Marteinslaug er friðlýst sem fornminjar en þar var reist torfsundlaug og var þar sundkennsla fyrir börn í sveitinni fram á síðustu öld.

Samkvæmt könnunum sem framkvæmdar voru fyrir Ferðamálastofu fyrir árið 2011 var áætlað að 72% allra erlendra ferðamanna hafi heimsótt hverasvæðið og 27,8% Íslendinga. Miðað við þessar tölur má gera ráð fyrir að heildarfjöldi gesta hafi farið í fyrsta skiptið yfir hálfa milljón árið 2012.

Verslun, bensinstöð og veitingasala er neðan við þjóðveginn. Flest öll bílastæðin sem nýtast fyrir svæðið eru á landi rekstraraðila og á þeirra vegum. Rekstraraðilarnir hafa stækkað starfsemi sína verulega á síðustu árum og eru enn fleiri bílastæði áformuð samkvæmt samþykktu deiliskipulagi. Rekstraraðilar hafa í huga að færa bensínafgreiðslu (dælur) innan svæðisins. Ríkið lét, fyrir nokkru síðan, gera nokkur bílastæði sem eru meðfram veginum sunnan við sjálfan Geysi. Rekstraraðilar leigja

landið vestan við hverasvæðið af ríkinu og reka þar tjaldsvæði. Eyðibýlið Laug, sem er í eigu ríkisins, stendur vestan við tjaldsvæðið. Býlið er í niðurníðslu og er það ekki í notkun.

Samkvæmt upplýsingum um bílaumferð á heimasíðu Vegagerðarinnar var meðalumferð á dag yfir sumarmánuðina árið 2012 1300 bílar og 251 bílar að meðaltali yfir vetrarmánuðina. Talningin fór fram á Biskupstungnabraut við bæinn Myrkholt, sem er á leið frá Geysi að Gullfossi.

Uppbygging og viðhald á sjálfu hverasvæðinu hefur ekki haldist í hendur við þann mikla vöxt sem orðið hefur á fjölda erlendra ferðamanna. Þolmörkum svæðisins er náð, þ.e. heildarfjöldi ferðamanna á svæðinu er orðinn það mikill að sýnileg hnignun er að eiga sér stað á svæðinu.

Núverandi stígakerfi svæðisins annar ekki lengur þeim fjölda gesta sem heimsækja svæðið. Mikilvægt er að þátttakendur samkeppninnar skoði núverandi stígakerfi með það fyrir augum að hanna lengra stígakerfi sem hefur þann eiginleika að dreifa álagi um svæðið. Einnig er nauðsynlegt að afmarka það svæði sem er hvað viðkvæmast svo að það verði ekki troðið niður og eyðilagt.

Þátttakendur þurfa að gera ráð fyrir nýtingu svæðisins allt árið og þarf a.m.k. hluti stígakerfis svæðisins að vera fært litlum snjóhreinsitækjum.

## 2.6 Kostnaðarviðmiðun

Mikilvægt er að keppendur komi með raunhæfar tillögur að skipulagi og uppbyggingu svæðisins. Gott er að viðhalds- og rekstrarkostnaður sé sem minnstur.

## 3 Tæknileg tilhögun samkeppninnar

### 3.1 Þátttökuréttur

Þátttaka er öllum heimil að undanskildum eftirtöldum aðilum sem hafa eftirfarandi tengsl við einn eða fleiri einstaklinga í dómnefnd:

- a. Aðilum sem reka ráðgjafarþjónustu eða aðra atvinnustarfsemi með einstaklingum í dómnefnd.
- b. Dómnefndarmönnum sem tengdir eru aðilum, sbr. 3. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.
- c. Aðilum sem vinna að verkefni með einstaklingum í dómnefnd, svo sem í samstarfshópi fleiri ráðgjafa, sem vinna sameiginlega fyrir einn og sama aðilann í öðru verkefni.
- d. Aðilum sem hafa á síðustu 6 mánuðum frá því að samkeppni var auglýst unnið að verkefni með einstaklingi í dómnefnd, eins og lýst er í staflað c.

Þeir sem tóku þátt í undirbúningi samkeppninnar eða komu að undirbúningi verkefnisins á fyrri stigum hafa ekki þátttökurétt.

Þar sem nafnleynd er viðhöfð í samkeppninni, bera þátttakendur sjálfir ábyrgð á að gæta að því að ekki séu tengsl við dómnefnd og ráðgjafa sbr. samkeppnisreglur A.Í., sem áhrif geta haft á þátttökurétt viðkomandi þátttakanda og þar með hæfi áðurnefndra aðila. Í því felst meðal annars að þátttakendur bera sjálfir ábyrgð á því að ekki séu þau tengsl til staðar sem kveðið er á um í þessari grein. Þátttakandi sem telur að fyrir hendi séu tengsl sem kveðið er á um skal tilkynna trúnaðarmanni samkeppninnar um það.

### 3.2 Afhending keppnisgagna – þáttökugjald

Keppnislýsing þessi verður aðgengileg á vef Arkitektafélags Íslands ([www.ai.is](http://www.ai.is)), á vef Framkvæmdasýslu ríkisins ([www.fsr.is](http://www.fsr.is)) og á vef Bláskógabyggðar ([www.blaskogabyggd.is](http://www.blaskogabyggd.is)) frá og með 20.09.2013.

Samkeppnisgögn verða afhent gegn 5.000.- króna skilagjaldi, frá og með 24. 09. 2013 á skrifstofu Arkitektafélags Íslands, Vonarstræti 4B, 101 Reykjavík, á milli klukkan 9 og 13 virka daga.

### 3.3 Keppnisgögn

Eftirtalin eru samkeppnisgögn þessarar samkeppni:

- Keppnislýsing þessi.
- Hnitfest (ISN93) grunnmynd af samkeppnissvæðinu og nærliggjandi svæði, með örnefnum og hverum. (Teiknigögn)
- Hnitfest (ISN93), upprétt loftmynd, Geysir 2012. (Teiknigögn)
- Hæðarlínugrunnur (ISN93) í 3D 1 m millibil, Geysir 2012\_hlin1m. (Teiknigögn)

Önnur gögn:

- Deiliskipulag fyrir nærliggjandi svæði á pdf formati. (Gildandi skipulag)
- Gildandi aðalskipulag Biskupstungnahrepps 2000-2012. (Gildandi skipulag)
- Greinargerð Dr. Helga Torfasonar. Skipting svæðisins. Jarðhiti, hugtök og skilgreiningar. Hveranöfn. Önnur örnefni. (Jarðfræði og saga)
- Skýrslur Náttúrufræðistofnunar Íslands. (Skýrslur Náttúrufræðistofnunar Íslands)
- The Great Geysir. Dr. Helgi Torfason (pdf). (Jarðfræði og saga)
- Geysir in Haukadalur, A Book of Photographs by Erlendur Finnbogí Magnússon (pdf). (Jarðfræði og saga)
- Leiðbeiningarit Ferðamálastofu um góða staði, útg. nóv. 2011, sjá heimasíðu FSR: <http://fsr.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=7227>

### 3.4 Keppnistillögur

Keppendur skulu skila útprentuðum gögnum, og gögnum á geisladiski/minnislykli til trúnaðarmanns. Óskað er eftir öllum gögnum á geisladiski/minnislykli og skulu þau vera á pdf-formi.

Skila skal eftirfarandi gögnum:

A. TEIKNINGAR:

- Afstöðumynd (með vestur upp) í mkv. 1:1000 sem sýnir svæðið og tengsl við nágrenni.
- Grunnmynd/ir af lykilstöðum/sérlausnum í mkv. 1:200.

Að vali höfunda:

- Grunnmyndir, sneiðingar útlit og deililausnir.



- Fjarvíddar og rúmteikningar (þrívíddarmyndir)
- Skýringarmyndir

Skila skal þremur tillöguörkum í stærðinni A1 (594 x 840 mm), prentaðri út á ógegnisæjan pappír og upplímdri á hart spjald (frauðkarton). Tillöguarkir skulu vera lóðréttar. Ef keppendur óska, má skila einni A0 örk og einni örk á A1. Allur texti texti skal ritaður á vélrænan hátt.

#### B. GREINARGERÐ:

Í greinargerð með tillögunni skal koma fram:

- Megininntak tillögunnar, helstu forsendur, markmið og áherslur tillöguhöfundar.
- Lýsing á efnisvali, frágangi og tæknilegum útfærslum og nánasta umhverfis þeirra ásamt öðru því sem getur haft áhrif á kostnaðarmat dómnefndar og ráðgjafa hennar.

Greinargerð skal að hámarki vera 1000 orð og henni skal skila í 6 eintökum í arkarstærðinni A4.

Birta má smækkuð afrit uppdráttu í greinargerð.

#### C. RAFRÆN SKIL:

Tillöguörkum skal einnig skila á PDF formi á geisladiski eða minnislykli USB, merktum auðkennisnúmeri tillögunnar. (sjá lið 3 í 3.6. Merkingu gagna hér á eftir)

### 3.5 Fyrirspurnir

Fyrirspurnartímar eru tveir. Fyrri fyrirspurnafrestur rennur út á miðnætti 23.10.2013 og rennur síðari fyrirspurnarfrestur út á miðnætti 08.01.2014. Fyrirspurnir skal senda með tölvupósti beint til trúnaðarmanns á netfangið [harh@mail.is](mailto:harh@mail.is) og mun hann leggja afrit af þeim fyrir dómnefnd. Stefnt er að því að svör við fyrirspurnum vegna fyrri fyrirspurnartíma liggi fyrir þann 30.10.2013 og þann 15.01.2014 vegna síðari fyrirspurnartíma.

Trúnaðarmaður sendir öllum skráðum þátttakendum, með tölvupósti, lista með öllum fyrirspurnum og svörum dómnefndar við þeim.

### 3.6 Skilafrestur, merking og afhending tillagna

#### MERKING GAGNA:

Gögn skal merkja sem hér segir:

Auðkenna skal öll tillöguögn með fimm stafa tölu, að vali tillöguhöfundar.

- Í 2x5 sm stóran reit í hægra horni að neðan.
- Í haus greinargerðar eða neðanmáls.
- Á geisladisk eða minnislykil (USB).
- Á umslag með nafnmiða.

Ógagnsætt umslag, merkt orðinu „Nafnmiði“ skal fylgja tillögum. Í umslaginu skulu vera nöfn, heimilisföng og símanúmer tillöguhöfunda.

#### SKILAFRESTUR TILLAGNA:

Tillögum skal skila sem hér segir:

- Skila skal tillögum til trúnaðarmanns hjá Arkitektafélagi Íslands, Vonarstræti 4B, 101 Rvk. eigi síðar en klukkan 17:00 þann 30.01. 2014. Trúnaðarmaður tekur á móti tillögum frá klukkan 15:00 til klukkan 17:00. Þeir sem óska eftir að skila tillögum fyrir þann tíma skulu hafa um það samráð við trúnaðarmann. Við afhendingu tillögu til trúnaðarmanns fær keppandi kvittun merкта auðkennistölu tillögunnar.
- Nægilegt er að tillögum sé komið í póst eða flugafgreiðslu fyrir lok skilafrests, enda skal vottorð um það frá hlutaðeigandi afgreiðslumanni sent til trúnaðarmanns í tölvupósti innan sólarhrings frá auglýstum skilafresti.

Póstsendar tillögur skal merkja trúnaðarmanni samkeppninnar.

Tillögum, sem sendar eru inn með framangreindum hætti verður ekki veitt viðtaka lengur en sex dögum eftir að skilafresti lýkur. Vakin er athygli á að póstsending getur tekið lengri tíma en sex daga.

Ófrávíkjanlegt skilyrði þess að tillögu sé veitt viðtaka og hún dæmd er að henni sé skilað á réttum tíma samkvæmt framangreindu og að nafnleyndar sé gætt.

### 3.7 Dómnefnd og ritari dómnefndar

Dómnefnd skipa:

Halldóra Vífilsdóttir aðstoðarforstjóri FSR, fulltrúi ríkisins, formaður dómnefndar

Birgir Þröstur Jóhannsson arkitekt FAÍ

Pétur Ingi Haraldsson skipulagsfulltrúi, fulltrúi Bláskógabyggðar

Sigurður Másson fulltrúi Landeigendafélags Geysis ehf

Ulla Rolfsigne Pedersen landslagsarkitekt FÍLA.

Ritari dómnefndar er:

Drífa Kristjánsdóttir oddviti Bláskógabyggðar.

Sérstakir ráðgjafar dómnefndar eru:

Helgi Torfason jarðfræðingur

Sigurður Norðdahl verkfræðingur.

### 3.8 Trúnaðarmaður

Trúnaðarmaður tilnefndur af Arkitektafélagi Íslands er:

Haraldur Helgason, arkitekt FAÍ

Hvassaleiti 74,

103 Reykjavík

Netfang: [harh@mail.is](mailto:harh@mail.is)

Sími: +354 897 6874

Öllum fyrirspurnum og athugasemdum skal beint til trúnaðarmanns.

### 3.9 Úrslit

Áætlað er að dómnefnd ljúki störfum þann 6. mars 2014.

Strax og nafnleynd hefur verið rofin verður öllum þátttakendum tilkynnt um niðurstöður dómnefndar.

Fréttatilkynning um úrslit verður send fjölmiðlum. Í henni kemur fram hvaða tillögur voru verðlaunaðar og hverjir eru höfundar þeirra. Niðurstöður keppinnar verða einnig kynntar á vef AÍ, á vef Framkvæmdasýslu ríkisins og á vef Bláskógabyggðar.

### 3.10 Sýning og rýnifundur

Haldin verður sýning á öllum keppnistillögum sem uppfylla skilyrði keppinnar við fyrsta tækifæri eftir að dómnefnd hefur lokið störfum. Tillögurnar verða sýndar undir höfundarnafni.

Útbjóðandi gefur út prentað dómnefndarálit.

Í kjölfar kynningar á niðurstöðum samkeppinnar og opnun sýningar á tillögum verður haldinn opinn rýnifundur þar sem dómnefnd fer yfir dóm sinn. Þátttakendur verða sérstaklega boðaðir á þann fund sem haldinn verður á vegum Arkitektafélags Íslands.

### 3.11 Varðveisla keppnistillagna

Hönnunarsafn Íslands mun fá allar samkeppnistillögur afhentar til varðveislu að sýningu lokinni. Eigendur tillagna munu hafa aðgang að þeim að höfðu samráði við starfsfólk safnsins.

### 3.12 Hagnýting keppnistillagna

Útbjóðandi eignast verðlaunaðar og innkeyptar tillögur og allan rétt til að nýta þær með þeim takmörkunum sem höfundarlög setja, en gerir sérstakan samning við höfund eða höfunda um hönnun þegar og ef framkvæmt verður eftir tillögunni.

Reiknað er með, að samið verði við höfund(a) fyrstu verðlauna, sbr. 16. grein samkeppnisreglna AÍ. Útbjóðandi hyggst gefa tillögurnar út í heild sinni. Útbjóðandi öðlast rétt til slíkrar útgáfu án þess að greiða höfundum tillagna sérstaklega fyrir útgáfuréttinn.





### 3.13 Samþykki keppnislýsingar

Keppnislýsing þessi ásamt samkeppnisreglum AÍ er grundvöllur keppinnar.

Keppnislýsingin er samþykkt af útbjóðanda keppinnar, dómnefndarmönnum og stjórn Arkitektafélags Íslands.

Reykjavík 16.09.2013

Fyrir hönd Bláskógabyggðar



Drifa Kristjánsdóttir  
oddviti Bláskógabyggðar

Fyrir hönd Arkitektakfélags Íslands



Sigríður Ólafsdóttir  
formaður AÍ

Dómnefnd:



Halldóra Vífilsdóttir



Birgir Þróstur Jóhannsson



Pétur Ingi Haraldsson



Sigurður Másson



Ulla Rolfsigne Pedersen